

Sþ.

84. Tillaga til þingsályktunar

[72. mál]

um bankaútibú á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að einhver ríkisbankanna setji upp útibú á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Undanfarin misseri hefur mátt sjá ýmis merki þess, að bankar þjóðarinnar vildu auka og bæta þjónustu sína við almenning og atvinnuvegi. Hafa verið stofnuð mörg ný útibú, enda þótt flest þeirra hafi verið staðsett þar, sem bankaþjónusta var bezt fyrir.

Á Snæfellsnesi eru margar blómlegar framleiðslubyggðir, sem árlega skapa útflutningsverðmæti fyrir tugi milljóna króna. Munu fá eða engin svæði á landinu þurfa að sækja svo langt til banka. Veldur þetta miklum óþægindum, og ferðalög til höfuðstaðarins í bankaerindum taka óhóflega mikinn tíma frá ráðamönnum fyrir-tækja og stofnana. Af þessum sökum eru uppi mjög almennar óskir um bankaútibú á nesinu. Þar eð hreyfing er á þessum málum, hefur þótt rétt að flytja tillögu þessa nú.